



Alþingi  
Erindi nr. P 139/1503  
komudagur 25. 2. 2011

# Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri 24. febrúar 2011.

Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, 311. mál, þskj. 378, lþ. 139.

Með tölvubréfi, dags. 7. febrúar 2011, barst Jafnréttisstofu beiðni frá efnahags- og skattanefnd Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (uppsögn starfs), 311. mál, þskj. 378, lþ. 139.


Jafnréttisstofa telur eðlilegt að stíga varlega til jarðar ef breyta á starfsmannalögum með þeim hætti sem lagt er til með því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar. Á opinberum starfsmönnum öllum hvíla ríkar skyldur skv. starfsmannalögum og um leið hafa þeir ákveðin réttindi. Meðal raka fyrir því að það sé ekki hægt að segja opinberum starfsmönnum upp með sama frjálsræðinu og ríkir á hinum almenna vinnumarkaði á Íslandi er t.d. nauðsyn þess að viðhalda ákveðnum stöðugleika varðandi þekkingu á málsmeðferð, málaflokkum o.s.frv.

Jafnréttisstofa bendir sérstaklega á 1. mgr. 26. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008 í tengslum við þær tillögur sem fram eru lagðar í frumvarpinu, bæði varðandi starfsmenn og embættismenn. Í téðri grein kemur fram að bannað sé að mismuna umsækjendum/starfsfólki á grundvelli kyns m.a. við uppsögn. Með því að rýmka heimildir forstöðumanna og yfirboðara embættismanna með þeim hætti sem hér er lagt til, getur skapast aukin hætta á því meðal annars að ekki verði gætt að ákvæðum jafnréttislaga, ekki síst ofangreindu ákvæði í 26. gr.

Verði farið í það að rýmka heimildir og/eða einfalda leiðir varðandi uppsögn/brottvikningu opinberra starfsmanna og embættismanna vil Jafnréttisstofa þeina þeim tilmælum eindregið til þingmanna að þess verði gætt að ekki skapist aukin hætta á mismunun á grundvelli kyns með þeim nýju heimildum og málsmeðferðarreglum sem yrðu teknar upp.

Með vísan til aukinna krafna um gagnsæi og vandaða stjórnásluhætti, ekki síst eftir efnahagshrunið 2008, telur Jafnréttisstofa ekki ástæðu til að breyta 44. gr. starfsmannalaga eins og lagt er til í frumvarpinu.

Virðingarfyllst  
f.h. Jafnréttisstofu

  
Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur